

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. febrúar 2011  
2011020012/42-1-1  
TB  
jgo/tb

### Frumvarp til lag um virðisaukaskatt, 164. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá efnahags- og skattanefnd Alþingis, dags. 8. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (endurgreiðsla skatts af refa- og minkaveiðum), 164. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands getur stutt að virðisaukaskattur af minkaveiðum sé endurgreiddur en telur ekki sjálfgefið að sama eigi að gilda um ref. Refur er upprunalegur í náttúru Íslands. Annað gildir um dýr sem hafa verið flutt inn til landsins ýmist vísvitandi með leyfi ríkisvaldsins eða ekki en geta síðan valdið tjóni þar sem þau hafa sloppið út í íslenska náttúru. Ríkið hefur lagt ákveðnar skyldur á herðar sveitarfélögum að annast minkaveiðar og endurgreiðsla virðisaukaskatts getur því verið framlag ríkisins þar á.

Í greinargerð með frumvarpinu eru ýmsar órökstuddar fullyrðingar þar sem ref og mink er gert jafn hátt til höfuðs t.d. segir: *Refur og minkur eru vágastir í náttúrunni og hafa sums staðar haft mjög slæm áhrif á lífríkið. Fuglalíf hefur látið undan og dæmi eru um að bændur hafi orðið fyrir tjóni með því að þessi dýr hafi lagst á búpening. Það er því eðlilegt að ríkisvaldið komi að þessu verkefni með sveitarfélögunum, m.a. til þess að jafna þann kostnað sem ella leggst með ósanngjörnum hætti á fámenn og landmikil sveitarfélög.* Ekki er hægt að líta á ref sem vágast í íslenskri náttúru enda er hann upprunalegur hluti af henni og vistkerfi landsins og hefur þjónað þar ákveðnu hlutverki, líklega í þúsundir ára, án þessa að vitað sé til þess að nokkur tegund hafi líðið undir lok hans vegna. Refur getur hins vegar valdið tjóni t.d. í æðarvörpum. Það er álitamál hvort ríkið eigi að bera kostnað af öllu tjóni sem íbúar landsins kunna að verða fyrir vegna villtra náttúrulegra dýra eða hvort samspil manns og náttúru sé ekki einfaldlega hluti af því að búa í landinu og þar með sá kostnaður sem það kanna að hafa í för með sér (hér er ekki átt við t.d. náttúruhamfarir).

Mikil umræða hefur að undanförunum verið um framandi ágengar tegundir. Í umræðunni hafa komið fram sjónarmið þar sem sum félagasamtök og jafnvel talsmenn stofnana ríkisins hafa viðrað þær skoðanir að engar hömlur eigi að setja á dreifingu framandi lífvera út í íslenska náttúru þrátt fyrir hugsanlegar og margvíslegar afleiðingar. Það má því spyrja hvort þeir sem flytja inn dýr eða plöntur sem reynast ágengar í íslenskri náttúru, og valda jafnvel tjóni í náttúrunni og á eignum manna, eigi ekki að bera kostnað af því tjóni sem getur orðið. Það er




alltaf varasamt og þarfnast góðs undirbúnings að koma á einhvers konar fjárhagslegu stuðningskerfi sem hvetur til eyðingar eða röskunar á náttúrulegum vistkerfum, dýrum eða plöntum þ.m.t. ref. Náttúrufræðistofnun getur ekki mælt með að virðisaukaskattur verði endurgreiddur vegna refaveiða.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

